



## SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

### Fundargerð.

331. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, mánudaginn 2. september 2013 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Björn Kristinn Pálmarsson í fjarveru Harðar Óla Guðmundssonar

Guðmundur Ármann Pétursson

Ingvar Grétar Ingvarsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

#### 1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 21. ágúst 2013.

*Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 21. ágúst 2013 liggur frammi á fundinum.*

#### 2. Fundargerðir.

##### a) 62. fundur Skipulags- og byggingarnefndar Uppsveita, 22. ágúst 2013.

##### Mál nr. 6, 7, 18, 19, 20, 21, 22 og 34 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

*Lögð fram 62. fundargerð Skipulags- og byggingarnefndar Uppsveita, dags. 22. ágúst 2013. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;*

*Mál nr. 6: Afgreiðslur byggingarfulltrúa*

*Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa fram til 21. ágúst 2013.*

*Mál nr. 7: LB\_Nesjar lnr. 170893 (Hestvíkurvegur nr. 5)*

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir breytta afmörkun, stærð og heiti á lóð með lnr. 170893 með fyrirvara um samþykki umráðanda aðliggjandi lóða.*

*Mál nr. 18: Ásgarður\_Sogsbakki – öryggishlið*

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að setta verði upp símahlið á aðkomuveg að frístundabyggð við Fljótsbakka í samræmi við erindi Ólafs Hermannssonar dags. 27. júní 2013.*

*Mál nr. 19: Deiliskipulag Réttarland – Klausturhólum*

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að auglýsa breytta tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Réttarland skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Mál nr. 20: Hlauphólar – deiliskipulag frístundabyggðar úr landi Stóru-Borgar*

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir auglýsta tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Hlauphólar, með fyrirvara um umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands sem skipulagsfulltrúi hefur óskað eftir.*



## SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

*Mál nr. 21: Kæra til ÚUA\_dskbr. Ásgarður – Skógarholt og Vesturbrúnir*

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og felur skipulagsfulltrúa að senda upplýsingar um málsmeðferð deiliskipulagsbreytingar í landi Ásgarðs til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.*

*Mál nr. 22: Reykjalundur - deiliskipulagsbreyting*

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að birta auglýsingu um gildistöku breytingar á deiliskipulagi Reykjaness – Reykjalundar í B-deild Stjórnartíðinda. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins á þann veg að skilgreina svæði í landi Reykjaness sem svæði fyrir frístundabyggð til samræmis við gildandi deiliskipulag og á sama hátt og var í fyrra aðalskipulagi. Að mati nefndarinnar er breytingin óveruleg þar sem svo virðist sem mistök hafi átt sér stað við endurskoðun aðalskipulagsins.*

*Mál nr. 34: Breyting á skipulagslögum, ósk um umsögn*

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar á tillögu að breytingu á skipulagslögum. Tekið er undir athugasemd um að nauðsynlegt sé að koma á fót svæðisskipulagsnefnd fyrir Miðhálaendið að nýju þar til landsskipulagsstefna hefur tekið gildi.*

### **b) Fundargerð 9. fundar fjallskilaneftdar Grímsnes- og Grafningshrepps, 30. ágúst 2013.**

*Fundargerðin lögð fram og hún staðfest.*

### **3. Tölvupóstur frá Berki Brynjarssyni um lagningu á röri fyrir ljósleiðara.**

*Fyrir liggur tölvupóstur frá Berki Brynjarssyni þar sem fram kemur að verið sé að leggja háspennustreng í jörð frá Seli, að Svínavatni og áfram að Laugarvatni. Sveitarfélaginu býðst að leggja rör fyrir ljósleiðara í sömu plægingu og mun hlutur Grímsnes- og Grafningshrepps vera um 6,5 milljónir. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að leggja rörið og felur Berki Brynjarssyni að vinna að málinu fyrir hönd sveitarfélagsins. Gert verður ráð fyrir fjármögnuninni í viðauka við fjárhagsáætlun ársins.*

### **4. Erindi frá Jóni Péturssyni vegna búfjár í sumarhúshverfum í vesturhluta Grímsnes.**

*Fyrir liggur að umrætt svæði verði smalað í þessari viku. Nauðsynlegt er að leita framtíðarlausna í girðingarmálum á svæðinu. Sveitarstjóra falið að boða til fundar með hagsmunaaðilum.*

### **5. Lánasamningur frá Lánasjóði sveitarfélaga.**

*Fyrir liggur lánasamningur frá Lánasjóði sveitarfélaga vegna láns til að fjármagna endurkaup eigna sveitarfélagsins frá Eignarhaldsfélaginu Fasteign ehf. Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð allt að 730.000.000 kr., í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að fjármagna endurkaup eigna sveitarfélagsins frá Fasteign ehf., sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er sveitarstjóra, Ingibjörgu Harðardóttur kt: 020371-4639, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr.*



## SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

*framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrimæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari. Samþykkt samhljóða.*

### **6. Beiðni um styrk frá Hagsmunasamtökum heimilianna.**

*Fyrir liggur tölvupóstur frá Hagsmunasamtökum heimilanna, dagsettur 19. ágúst 2013 þar sem óskað eftir styrk vegna kostnaðar til málsókna. Sveitarstjórn hafnar erindinu.*

### **7. Afrit af bréfi frá Vegagerðinni til eigenda Efri-Brúar þar sem tilkynnt er um niðurfellingu Efri-Brúarvegar af vegaskrá.**

*Fyrir liggur afrit af bréfi frá Vegagerðinni til eigenda Efri-Brúar þar sem tilkynnt er um niðurfellingu Efri-Brúarvegar af vegaskrá. Bréfið lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn gerir alvarlegar athugasemdir við það að vegurinn sé tekinn af vegaskrá, enda hluti eigna í söluferli.*

### **8. Nýjir varamenn í sveitarstjórn.**

*Fyrir liggur að varamenn sveitarstjórnar, þeir Sverrir Sigurjónsson C-lista og Sigurður Karl Jónsson K-lista eru fluttir úr sveitarfélaginu. Sveitarstjórn óskar eftir að kjörstjórn útbúi kjörbréf fyrir nýja varamenn, þá Halldór Bjarna Maríasson C-lista og Bjarna Þorkelsson K-lista.*

### **9. Skipan fulltrúa og varafulltrúa í æskulýðs- og menningarmálanefnd.**

*Fyrir liggur að aðalfulltrúi C-lista og formaður æskulýðs- og menningarmálanefndar, Sverrir Sigurjónsson, er fluttur úr sveitarfélaginu. Fulltrúar C-lista tilnefna Jón Þorkel Jóhannsson sem formann æskulýðs- og menningarmálanefndar út kjörtímabilið 2010-2014. Einnig er varafulltrúi K-lista í æskulýðs- og menningarmálanefnd, Sigurður Karl Jónsson fluttur úr sveitarfélaginu. Fulltrúar K-lista tilnefna Ingvar Grétar Ingvarsson sem varafulltrúa sinn í æskulýðs- og menningarmálanefnd út kjörtímabilið 2010-2014.*

### **10. Skipan varafulltrúa í kjörstjórn.**

*Fyrir liggur að varafulltrúi K-lista í kjörstjórn, Birna Guðrún Jónsdóttir er flutt úr sveitarfélaginu. Fulltrúar K-lista tilnefna Kristínu Konráðsdóttur sem varafulltrúa sinn í kjörstjórn út kjörtímabilið 2010-2014.*

### **11. Skipan varafulltrúa í fjallskilanevnd.**

*Fyrir liggur að varafulltrúi C-lista í fjallskilanevnd, Sverrir Sigurjónsson er fluttur úr sveitarfélaginu. Fulltrúar C-lista tilnefna Guðna Reyni Þorbjörnsson sem varafulltrúa sinn í fjallskilanevnd út kjörtímabilið 2010-2014.*

### **12. Skipan varafulltrúa í fræðslunefnd.**

*Fyrir liggur að varafulltrúi C-lista í fræðslunefnd, Sverrir Sigurjónsson er fluttur úr sveitarfélaginu. Fulltrúar C-lista tilnefna Birgi Léo Ólafsson sem varafulltrúa sinn í fræðslunefnd út kjörtímabilið 2010-2014.*



**Til kynningar**

- ✓ Skólaskrifstofa Suðurlands. Fundargerð 152. stjórnarfundar 23.08 2013.
- ✓ Skólaskrifstofa Suðurlands. Fundargerð 153. stjórnarfundar 28.08 2013.
- ✓ Skólaskrifstofa Suðurlands. Fundargerð aukaaðalfundar 23.08 2013.
- ✓ SASS. Fundargerð 468. stjórnarfundar 16.08 2013.
- ✓ Ársskýrsla RARIK 2012.  
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:20